

Sp.

422. Tillaga til þingsályktunar

[210. mál]

um iðnnám.

Flm.: Albert Guðmundsson.

Alþingi ályktar að fela menntamálaráðherra að láta endurskoða gildandi reglugerð nr. 143/1967 um iðnfræðslu, m. a. með það í huga, að símverkjun verði talin til iðngreina og að símverkjun verði tekin upp sem námsefni í iðnskóla.

G r e i n a r g e r ð .

Samkvæmt núgildandi reglugerð um iðnfræðslu er símverkjun ekki talin með sem iðngrein. Engu að síður er krafist bæði verklegs og bóklegs náms, sem lýkur með prófi, til þess að mega stunda þessa atvinnu.

Sérstakur skóli, Póst- og símaskólinn, annast þessa fræðslu. Skólanefnd er skipuð af póst- og símamálastjóra, sem einnig ræður skólastjóra, en skólanefndin ræður síðan kennara og prófdómara.

Ekki munu aðrir fá heimild til náms í símverkjun en þeir, sem ráðnir eru til starfa hjá Pósti og síma. Símverkjanám er því algjörlega lokað og engin trygging fyrir því, að þeir, sem áhuga hafa á náminu, geti nokkru sinni aflað sér þeirrar þekkingar, reynslu og réttinda sem nauðsynleg eru til að mega leggja starfið fyrir sig.

Almennt er þegnum þjóðfélagsins gert kleift með hinu almenna skólakerfi að afla sér þeirrar skólagöngu, sem hugurinn stendur til og fánleg er hér á landi, án þess að krafist sé vinnuráðningar í starfsgreinum áður en nám er hafið. Þróun þessara mála er sú, að nú er unnt að ljúka iðnnámi frá iðnskóla í mörgum starfsgreinum án þess að nemandinn þurfi að vera á námssamningi í greininni.

Auk þess að bæta úr ósanngjörnu misrétti, sem viðgengist hefur í þessum efnum, leiðir þessi skipan til verulegs sparnaðar fyrir ríkissjóð, þar sem sérskóla Pósts og síma mætti leggja niður þegar námið væri flutt í skóla sem þegar eru starfræktir.

Það má ætla, að einokun og hvers konar höft á athafnafrelsi eigi þverrandi fylgi að fagna, og líklegt, að einokunaraðstaða sú, er lög um fjarskipti nr. 30 frá 1941 færa Pósti og síma í hendur, verði fljótlega felld niður. Er þá nauðsyn á því, að unnt sé að leita til annarra en starfsmanna símans um verkefni er snerta símverkjun og notendur síma þurfa að fá framkvæmd.